



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

4. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 13. október 2023

kl. 13.00 – 15.00 í Gimli, stofu G-207 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Hólmfríður Garðarsdóttir.

Forföll: Guðný Björk Eydal og Þóroddur Bjarnason.

Gestur: Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kolbrún Halldórsdóttir formaður BHM kemur á fundinn.
2. Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 15. september 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Kjaraviðræður
3. Næsti stjórnarfundur.
4. Önnur mál.

### Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 15. september 2023.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 13.05. Hún bauð formanni BHM, Kolbrúnu Halldórsdóttur velkomna á fundinn.

### 1. Kolbrún Halldórsdóttir formaður BHM kemur á fundinn.

Kolbrún þakkaði fyrir að fá að koma á fundinn. Hún var kjörin formaður BHM í maí sl. eftir að hafa verið varaformaður. Gunnlaugur Briem, formaður félags sjúkraþjálfara, var kosinn varaformaður BHM á aukaaðalfundi þann 20. september.

Hún sagði frá því í helsta sem er að gerast innan BHM. Á aðalfundi var samþykkt ályktun um innra starf bandalagsins og í kjölfarið setti formannaráð BHM á laggirnar samræmingarhóp sem skipaður er formönnum fjögurra aðildarfélaga og er Kolbrún formaður hópsins. Um er að ræða umbótastarf sem er í gangi og í þeirri vinnu hefur hún kynnst ólíkum þörfum aðildarfélagana sem eru 28 talsins.

Fyrir í haust var framkvæmd könnun meðal formanna aðildarfélagana þar sem spurt var um viðhorf þeirra til ýmissa þátta í síðustu kjarasamningum og reynslu af síðasta vetri. Þegar niðurstöður lágu fyrir var haldinn úrvinnslufundur 10. október í samræmi við ákvörðun formannaráðs. Þar var útkoman rædd og lærdóm af henni.

Áætlað er að halda hugarflugsfundi um innra starf BHM með aðildarfélögum á næstu dögum. Þeim verður þeim skipt upp í fjóra hópa og mun FPR ásamt fleirum taka þátt þann 26. október. Á fundunum verður rætt um hvernig félögin sjá hlutverk bandalagsins í nánustu framtíð og þjónustu við aðildarfélögin.

Ólafur Páll fór kl. 13.55.

Kolbrún ræddi nauðsyn þess að styrkja samstarf og innviði skyldra félaga. Hún telur að félögin þurfi að starfa meira í klösum til að ná stærðarhagkvæmni. Félögin geta fengið aðstoð hagfræðings BHM varðandi greiningar og lögfræðingur bandalagsins er þeim innan handar í ýmsum málum.

Í skoðun er hvernig heildarsamtök stéttarfélaganna starfa á norðurlöndum og hvað hægt sé að læra af því eins og hlutverk þeirra og aðildarfélaganna.

Kjaranefnd BHM er að störfum vegna komandi kjaraviðræðna. Kolbrún vildi fá upplýsingar um hvað FPR vill að bandalagið vinni að. Rætt var um jöfnun launa á milli markaða, menntun metin til launa, afnám skerðinga á lífeyrissjóðsgreiðslum og hækkun kaupmáttar.

Kolbrún fór kl. 14.10.

- 2. Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 15. september 2023 lögð fram til afgreiðslu.** (Fskj. 1)  
Fundargerðin var samþykkt samhljóða með breytingum.

- 3. Kjaraviðræður.**

Formaður upplýsti að samninganefnd FPR hefur farið yfir niðurstöður könnunarinnar meðal félagsfólks um áherslur í komandi kjaraviðræðum. Svarhlutfallið var gott eða um 64%. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar og verða kynntar á fundum með félagsfólki á næstu vikum.

Fundir verða með rektorum og prófessorum Háskólans á Hólum og HA dagana 22. og 23. október. Í byrjun nóvember verða fundir með LBHÍ og HÍ. Efni fundanna verða kjaramál, niðurstöður könnunar og kröfugerð FPR.

- 4. Næsti stjórnarfundur.**

Næstu fundir: Þriðjudagarnir 31. október kl. 14-16 og 28. nóvember kl. 14-16.

- 5. Önnur mál.**

- a) Könnun FPR, FH og FHA.**

Ragna sagði frá könnuninni um kjör og vinnuáætlæður akademísks starfsfólks sem er sameiginleg með FH og FHA. Könnunin er í vinnslu og er stefnt að því að senda hana út í lok næstu viku.

- b) Norrænt samstarf um akademískt frelsi. Framhald.**

Eins og fram kom á síðasta fundi er áhugi á auknu samstarfi meðal háskólafélaganna um akademískt frelsi á norðurlöndum og er verið að stofna starfshóp um málið. Hólmfríður upplýsti að Henry Alexander Henrysson getur kost á sér. Hann verði því í starfshópnum ásamt Hólmfríði sem mun fylgjast með framvindu mála í tölvupóstsamskiptum á meðan hún er í rannsóknarleyfi.

- c) Samkomulag HA.**

Samkomulag vegna tilhögunar á kennsluafslætti og yfirvinnu prófessora við HA var undirritað af HA og FPR þann 26. september 2023. Samkomulagið gildir frá og með haustönn 2023.

**d) Stofnanasamningar.**

Stofnanasamningur við Hóla liggur fyrir. Eftir er að undirrita samninginn við HA.

**e) Vinna framkvæmdastjóra.**

Framkvæmdastjóri hefur fengið greitt fyrir yfirvinnu í tveimur greiðslum, þann 1. júní og aftur 1. október. Það sem út af stendur er stefnt að því að taka út í fríi ef hægt er.

**f) Fjárlög 2024 og samráð um mál nr. 192/2023.**

BHM hefur skilað inn umsögn við fjárlög 2024. Þá hefur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið kynnt til samráðs mál nr. 192/2023 „Reglur um fjárframlög til háskóla“. Umsagnarfrestur er til og með 31. október 2023. Samninganefnd FPR er að skoða þessi mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.

Fundarritari: LP.